

Fundargerð skólaráðs Hlíðaskóla

Fundur haldinn föstudaginn 26. september 2025 kl. 8:30 í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17.

Mættir:

- Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla
- Guðni Kristmundsson, fulltrúi starfsfólks
- Anna Soffía Reynisdóttir, fulltrúi kennara
- Einar Máni Friðriksson, fulltrúi foreldra
- Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra
- Valgerður Marija Purusic, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Forföll:

- Brynja Blumenstein, fulltrúi kennara
- Fulltrúar nemenda (ekki enn kosnir)

Ritari: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

1. Setning fundar

Berglind bauð fundarmenn velkomna og sagði frá því að skólaráðsfundir yrðu haldnir í húsnæði Blindrafélagsins í vetur, þar sem bókasafn Hlíðaskóla er lokað vegna viðgerða.

2. Nemendafjöldi í Hlíðaskóla

- Í fyrsta skipti í langan tíma hefur orðið fækkun nemenda.
- Innritaðir nemendur skólaárið 2025–2026 eru 610 talsins.
- Þar sem fjárveitingar byggja að mestu á nemendafjölda hefur fjármagn til skólans lækkað umtalsvert.

3. Starfsáætlun kynnt

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga gerir skóli í árlegri starfsáætlun m.a. grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólaþrekk, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalahlds.

Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Þorgerður fór yfir í stuttu máli yfir starfsáætlun sem er í vinnslu og verður send á fulltrúa í skólaráði á allra næstu dögum til kynningar og samþykktar. Þorgerður sagði frá helstu breytingum sem gerðar voru á skipulagi skólastarfs fyrir veturinn 2025-2026 sem eiga fyrst og fremst við um skipulag í unglingadeild skólans.

Markmiðið með breytingunum er að efla námsumhverfið, styrkja samheldni, skapa jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag.

Helstu breytingar eru:

- Lengri kennslustundir – Kennslustundir verða nú 60 mínútur í stað 40 mínútna Lengri kennslustund gefur betri tækifæri til að vinna markvisst með námsmarkmið og skila bættum árangri.
- Faggreinastofur í stað bekkjastofa. - Nemendur fara á milli kennslustofa samkvæmt stundaskrá. Námsumhverfið stuðlar að sýnileika námsgreinarinnar og eykur möguleika að nýta stofuna til námsörvunar.
- Árgangur sem ein heild – Í stað þess að árganginum sé skipt í þrjá fasta bekkir verður hann ein heild með þrjá umsjónarkennara. Hópnum er skipt handahófskennt í 3 námshópa (H, L og Í). Nemendur fylgja stundatöflu þess hóps sem þeir eru skráðir í hverju sinni. Fjórum sinnum á komandi skólaári verða breytingar á hópum.

Við hverja skiptingu fá nemendur nýjar stundatöflur sem tengjast stundatöflu H. , L. eða Í.

Með þessum breytingum viljum við efla félagslega tengsl, stuðla að jákvæðum samskiptum og skapa öflugri nemendahóp. Við biðjum ykkur um að styðja við nemendur í þessu verkefni með jákvæðni og hvatningu.

Breytingar eru líka gerðar í 7. bekk, þar sem að horft verður á árganginn sem eina held í stað 3 bekkja.

4. Innivistarmál í Hlíðaskóla

1. Viðgerðir standa yfir og hafa leitt til lokunar nokkurra kennslustofa, smíðastofu, textílstofu, túlkaherbergis, skrifstofu tölvuumsjónarmanns, bókasafns, myndmenntastofu og fundarherbergis.
2. Þetta olli verulegu raski í upphafi skólaárs en lausnir hafa fundist fyrir flesta áfanga.
3. Framkvæmdir sem framundan eru: dreina í kringum skólann, viðgerð á veðurkápu og þaki.
4. Rætt um stækkun skólans, sérstaklega matsalar. Tillaga um að stækka matsal með því að nýta milligarð.
5. Fulltrúi kennara lagði áherslu á mikilvægi að bókasafn verði aðgengilegt vegna byrjendalæsis.
6. Berglind falið að kanna forsendur fyrir breytingum á hönnun skólans með tilliti til milligarða og skólalóðar.

5. Stöðupróf í sundi

Sundkennsla nemenda fer fram í Sundhöll Reykjavíkur. Nemendum er séð fyrir akstri báðar leiðir. Kennslan fer fram allan veturinn.

Tillaga

„Lagt er til að nemendum í 8 til 10 bekk standi til boða að taka stöðupróf í sundi í nóvember og febrúar. Nemendur sem hyggjast þreyta prófið tilkynna það til sundkennara ásamt undirskrift forráðamanns. Standist nemendur prófið jafngildi það lokaeinkunn í sundi.

Greinargerð: Nemendur í Hlíðaskóla fá sundkennslu allt árið frá 1 til 9 bekk. Skýr námsviðmið eru til í sundi hvað nemandi þarf að uppfylla til þess að teljast fullsyndur í lok grunnskólagöngu. Ein af ástæðum þess að foreldra óska eftir undanþágu frá sundkennslu er að börn þeirra eru fullsynd og æfingarálag mikið ekki síst í unglingadeild, þar sem margir nemendur æfa stíft sínar íþróttir. Skólinn hefur ekki verið með samræmdar reglur um undanþágu frá sundi og hefur það oft orsakað togstreitu milli heimis og skóla. Með því að bjóða upp á stöðupróf strax í 8 bekk gefst nemendum tækifæri til að sanna hæfi sína og í leiðinni fá tækifæri til þess að ljúka grunnskólaprófi í sundi.

Málið rætt

Almenn ánægja með þetta fyrirkomulag.

6. Önnur mál

- Engin önnur mál voru tekin fyrir.

7. Fundarslit

Fundi slitið kl. 9:30.

Ákveðið að Berglind bjóði stjórn foreldrafélagsins að skoða aðstæður í skólanum fyrir næsta fund.